

| | |
|----------------|--|
| Fyrirspurn | E 28/2024 |
| Fyrirspyrjandi | Johan Andersson (S) Karin Gaardsted (S) Tove Elise Madland (A) Åsa Karlsson (S) |
| Viðtakandi | Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum |

Skrifleg fyrirspurn til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum um útfösun vélbúnaðar vegna hugbúnaðar

Til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

Microsoft hættir sjálfvirkum öryggisuppfærslum fyrir Windows 10 frá og með 14. október 2025. Af því getur hlotist meiriháttar vandi vegna rafeindaúrgangs því að reiknað er með að 240 milljón tölvur ráði ekki við stýrikerfið Windows 11. Áfram er hægt að keyra tölvurnar á Windows 10 en öryggisógnir eru svo miklar að búast má við að flestir, bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera, skipti út vélunum sínum.

Yrði 240 milljón fartölvum, sem eru 5 sm á þykkt, staflað, jafngilti hæðin á stæðunni þvermáli jarðar.

Í þrjú ár eftir að Microsoft hætti útgáfu Windows 7 og 8 stóð notendum til boða að kaupa öryggisuppfærslur. Gjaldið hækkaði ár frá ári og endaði í 100 Bandaríkjadöllum síðasta árið. Þegar gjaldið verður svona hátt borgar sig ekki að lengja líftíma búnaðarins.

Lengri líftími hefur mest að segja fyrir fátæku löndin sem fá aðgang að vél- og hugbúnaði án mikilla útgjalda.

Jafnframt ber að hafa í huga að framleiðsla fartölvu losar að jafnaði 250 kg af kolefni, nýtir 190.000 lítra af vatni og krefst námuvinnslu á 1200 kg af jarðefni.

Hætt er við að útfösun á Windows 10 hafi í för með sér viðbótarlosun 60 milljóna tonna af kolefni, vatnsnotkun sem nemur 45,6 milljónum rúmmetra og jarðefnanám samsvarandi 288 milljónum tonna af hráefni auk þess sem hún kæmi í veg fyrir að lágtekjulöndin nytu ávinnings af tölvuþróuninni.



Eigi framtíðarsýnin um Norðurlönd sem sjálfbærasta svæði heims að vera meira en orðin tóm verðum við að beita okkur fyrir betri og sjálfbærari lausnum sem gagnast okkur sjálfum og heiminum í kringum okkur.

Með hliðsjón af þessu er eftirfarandi spurning borin fram:

Hyggjast ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum stuðla að innleiðingu krafna til framleiðenda sem koma í veg fyrir útfösun á vélbúnaði vegna hugbúnaðar?

Norðurlöndum, 20. nóvember 2024

Johan Andersson (S)
Karin Gaardsted (S)

Tove Elise Madland (A)
Ása Karlsson (S)